

Bahá'u'lláh

Árið er 1893 og staðurinn er Chicago þar sem haldin er alþjóðleg trúarbragðaráðstefna. Á staðnum er staddur, ásamt fleirum, Matthías Jockumsson, prestur frá Íslandi. Á þessari ráðstefnu er verið að fjalla um trúarbrögð frá ýmsum hliðum, skoðanir og skilning ráðstefnugesta á þessum víðtæka þætti í lífi mannkynsins og samfélagi jarðarbúa, trúnni á Guð. Í pontu stígur maður kristinnar trúar og tilgangur hans er að segja gestum ráðstefnunnar frá undursamlegum manni og trú hans, trú Baha. Hann lýsir honum sem nýjum boðbera guðlegrar opinberunnar. Nafn þessa manns var Mirsa Husayn Ali, en fékk síðar nafnið Baha og síðar meir nafnið Bahá'u'lláh sem merkir Dýrð Guðs. Fyrir marga er þetta nafn torkennilegt, eins og nöfn margra fyrri opinberenda Guðs eins og nöfn Buddha, Krishna, Jesú Krists og Muhammeðs og var nafn hinnar undursamlegu persónu Jesú Krists, ekki hið upphaflega nafn hans. Þessi undursamlegi maður, Bahá'u'lláh sem hinn kristni prestur var að segja frá á trúarráðstefnunni, fæddist í Persíu 1817 og kvaddi þetta jarðneska líf 1892.

Sögu þessa undursamlega manns má skipta í þrjá kafla. Fyrsti kaflinn nær yfir árin 1817 til 1844, eða 27 ár. Sagan segir frá einstöku barni og ungum manni sem var sérstökum gáfum gæddur, bæði hvað varðar lunderni, skilning og þekkingu. Skilningur hans á allri mannlegri tilveru var dýpri og máttugri en fólk hafði áður kynnst. Hann fékk mjög snemma viðurnefnið, „faðir hinna fátæku“. Þeir sem áttu lítið og þurftu á hjálp að halda leituðu til hans um aðstoð. Til hans leitaði fólk sem stóð höllum fæti í samfélagi misskiptingar og enginn fór án aðstoðar, sem var auðsýnd af sannri ást og umhyggju, sem áttu sér engin mörk. Menntamenn og aðrir áhrifamenn leituðu oft til hans varðandi hin flóknustu efni bæð mannlegs og samfélags eðlis, sem þörfuðust útskýringar. Enginn, í heimalandi hans Persíu hafði slíkt orðspor sem hann. Hann naut virðingar hvort sem heldur var meðal hinna fátæku og þurfandi eða, og ekki síður hjá hinni miklu hástétt sem virti hann fyrir þekkingu, góðvild og djúpan skilning á trú og reglum.

Annar kaflinn í sögu Bahá'u'lláh er frá 1844 til 1853 eða 9 ár í lífi þessa undursamlega manns og má kalla þessi 9 ár, undirbúning fyrir verkefni sem var öllum hulið. Á þessum árum var víða mikið trúarlegt umrót, sérstaklega á þetta við um hluta hins kristna heims annars vegar og stóran hluta sem tilheyrir trú Múhammeðs hins vegar, um væntingar nýrrar guðlegrar opinberunnar. Kristnir hópar, bæði austan- og vestanhafs, töldu að í kringum 1844 væri komið að endurkomu Krists og þeir sem trúðu á endurkomu guðlegrar birtingar í kjölfar trúar Múhammeðs töldu að hún myndi eiga sér stað kringum 1260 að þeirra tímatali. Þannig vill til að 1844 og 1260 er sama árið en í ólíku tímatali. Árið 1844 verður til trúarvakning í Persíu, þar sem kornungur maður hefur upp raust sína og tilkynnir um verkefni sem honum hefur verið falið af Guði. Verkefnið var að ryðja braut fyrir opinberenda Guðs, þess sem hefur verið fjallað um í öllum fyrri opinberunum Guðs, í trúarlegum bókum þar sem hann er kallaður mörgum nöfnum, þar á meðal Dýrð Guðs.

Áður en það bál sem trú þessa kornunga manns tók að loga meðal fólks í Persíu, sendi hinn ungi maður, sem gekk undir nafninu Bábinn (hlið), einn af sínum heittelskuðu fylgdarmönnum, bréf sem skyldi komast í hendur Bahá'ú'lláh, áður en nokkur vissi hvert hlutverk hans yrði í framtíðinni. Við lestur þessa bréfs skildi Bahá'ú'lláh að sá sem skrifaði það, væri boðberi Guðlegrar birtingar og gerðist fylgismaður hans. Upp frá þessu urðu tengsl þeirra tveggja að hinum mesta leyndardómi trúarsögunnar. Eins og sagan segir frá, máttu allir fyrri Guðlegir opinberendur eins og Moses, Jesu, Muhammed og fleiri, líða aðkast, þjáningar og illsku valdhafa og hagsmunagæslu manna fyrri trúarbragða. Það sama gerðist nú með opinberun Bábsins, sem var að lokum líflátinn. Bahá'ú'lláh fékk einnig að kynnast hinni mestu illsku valdhafa og klerka landsins, sem ekki höfðu neina stjórn á öfund sinni og illsku. Hann þurfti að þola misþyrmingar og horfa upp á félagá sína limlesta og tekana af lífi á hinn hryllilegasta hátt og að lokum var hann sjálfur gerður útlægur úr sínu eigin landi.

Þriðji kaflinn í sögu þessa undursamlega manns stendur í 39 ár, frá 1853 til 1892 og hefst þegar hann er gerður útlægur frá sínu heimalandi þegar valdhafar og klerkar fóru að óttast áhrifin sem hann hafði á almenning. Þegar hann var gerður útlægur var hann fangelsaður, þar sem hann dvaldi það sem eftir var ævinnar og að hluta til við hinar hræðilegustu aðstæður. Á þessum tíma horfist hann ennfremur í augu við það risavaxna verkefni, sem honum hafði verið falið; að opinbera nýja guðlega opinberun, að rísa upp úr hafi mannkynsins sem lifði í andlegu myrkri og opinbera guðlega tilvist og tilkynna öllu samfélagi mannkynsins, að jörðin væri „aðeins eitt land og allt mannkynið íbúar þess“. Jafnramt að til væri aðeins einn Guð og að allir fyrri opinberendur trúar Guðs frá upphafi, væru birting einnar guðlegrar andlegrar sólar. Hann hvetur alla menn til að lesa hinar helgu bækur með eigin skilningi, með sínum eigin augum og að bera saman guðlega opinberun allra guðlegra birtenda.

Allar kenningar Bahá'ú'lláh fóru illa í hagsmunagæslu meðlima trúarbragðanna og einnig valdhafa ríkjanna sem óttuðust að missa völdin. Allir lögðust þeir á eitt um að koma í veg fyrir að hann næði til fólksins með boðskap sinn og var því fangelsaður og gerður útlægur frá landi til lands, allt þar til að hann var fangelsaður í hinu hræðilega fangelsi í borginni Akka í Tyrklandi, sem nú tilheyrir Israel. Þrátt fyrir allar tilraunir, þeirra sem töldu sig geta myrkvað það ljós sem var farið að skína, hefur aldrei fyrr í sögu mannkynsins borist slíkt magn af opinberuðum ritningum, eins og streymdu frá penna Bahá'ú'lláh á þessum tíma þrátt fyrir allar þrenginarnar. Rit hans, sem takast á við öll megin viðfangsefni mannsandann, hvernig trú mannsins er samofin í öllum guðlegum opinberunum frá einum Guðlegum kjarna. Grunnkjarni kenninga Bahá'ú'lláh er, að það sé aðeins til einn Guð og allir fyrri opinberendur séu sem speglar sem spegla einu og sama andlega ljósinu inn í sál sérhvers manns. Annar kjarni ritninga Bahá'ú'lláh má flokka sem andleg lögmál, andlega næringu fyrir hið mannlega eðli til andlegs þroska og hinsvegar samfélagslegar reglur öllu samfélagi mannkyns til heilla. Í þessum þriðja kafla æfi sinnar mátti hann þola fangelsun, illa meðferð og þrengingar allt til ársins 1892 þegar hann yfirgaf þetta jarðneska líf, þá 75 ára að aldri. Eftir stendur trú, baha'í trú, sem hefur skapað einingu meðal milljón manna um allan heim þvert á landamæri, litarhátt og fyrri trú; skilning á einingu Guðs, mannlegum þroska og samfélagslega framtíð.